

Elfa Þöll Grétarsóttir og Joyce Simard  
sem flutti lykilerindið á ráðstefnunni  
Sóknarfæri í öldrunarhjúkrun.



# PERSÓNUMÍÐUÐ VELLÍÐUNARMEÐFERÐ Í ÖLDRUNARHJÚKRUN

Elfa Þöll Grétarsdóttir og Margrét Björnsdóttir



**RÁÐSTEFNAN SÓKNARFÆRI** í öldrunarhjúkrun var haldin í Eirbergi föstudaginn 11. mars síðastliðinn í samstarfi Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði, Hjúkrunarfræðideildar HÍ, fagdeildar FÍH í öldrunarhjúkrun og fagráðs í öldrunarhjúkrun á Landspítala. Skemmst er frá því að segja að fjöldi innsendra erinda var meiri en svo að hægt væri að koma þeim öllum að. Dagskráin var fjölbreytt og var bæði boðið upp á erindi og veggspjöld.



Málþingsgestir sitja og ræða saman um Namaste umönnun og Elfa Þöll Grétarsdóttir veitir Valdísi hjúkrunarfræðingi á Skógarbæ handanudd með lavender-olíu.

Joyce Simard, félagsfræðingur með sérhæfingu í öldrun, flutti lykilerindið: “Helping people with alzheimers’ disease to live, not just exist”. Hún hefur á síðustu áratugum þróað meðferðarúrræði fyrir einstaklinga með heilabilun á seinni stigum, en ein af aðalástæðum fyrir komu Joyce til landsins

var að innleiða Namaste umönnun á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ. Hugmyndafræði hennar felur í sér nýja nálgun til að bæta lífsgæði einstaklinga með því að veita þeim persónumiðaða vellíðunarmeðferð þar sem unnið er með skynfæri einstaklinga og þeir örvaðir á ákveðinn hátt sem skilar sér í betri líðan, meiri ró og minni þörf á lyfjum. Þess er gætt að einstaklingar hafi alltaf greiðan aðgang að drykk og næringu, en reynslan hefur sýnt að fólk drekkur betur í þessu umhverfi og matarlýst eykst. Meðferð er veitt sjö daga vikunnar, fyrir og eftir hádegi, í sérútbúnu herbergi sem skapar einstaklingi með langt leidda heilabilun öruggt og róandi umhverfi. Þegar einstaklingur er of langt leiddur af sínum sjúkdómi til að koma í sérútbúið herbergi er meðferð veitt í herbergi hans.



Á dagskrá voru auk þess sjö önnur erindi sem snertu hin ýmsu svið öldrunarhjúkrunar, svo sem heimahjúkrun, endurhæfingu, hjúkrunarheimili og bráðasjúkrahús. Í lokin voru umræður um viðfangsefni dagsins. Ráðstefnan tókst vel í alla staði. Færri komust að en vildu en yfir 130 sóttu hana.

Að ráðstefnu lokinni var boðið upp á léttar veitingar. Undirbúningsnefndin þakkar Hjúkrunarfræðideild, Fastus, Rekstrarvörum, Ömmubakstri og Eirbergi fyrir rausnarlegan stuðning.

Fyrir hönd undirbúningsnefndar,  
Elfa Þöll Grétarsdóttir og Margrét Björnsdóttir

